

4.4.2017

Á 797. fundi bæjarráðs í morgun þriðjudaginn 4. apríl 2017 var undir 7. tölul. dagskrár tekið fyrir beiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis varðandi umsögn um breytingu á umferðarlögum (bílastæðagjöld) og þetta bókað:

**7. Umhverfis- og samgöngunefnd – beiðni um umsögn, frumvarp til laga um umferðarlög – 1703053.**

*Lagt fram tölvubréf dags. 28. mars sl. frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis með beiðni um umsögn um frumvarp um umferðarlög (bílastæðagjöld), 307. mál. Bæjarráð Vesturbyggðar fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á umferðarlögum þar sem sveitarfélögum er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar. Bæjarráð bendir á að í núgildandi umferðarlögum er sveitarfélögum ekki heimilt að innheimta slikt gjald utan kaupstaða og kaup tína þrátt fyrir að miklar kröfur eru gerðar til þessara sömu sveitarfélaga um uppbyggingu áningastaða fyrir ferðamenn með fullkominni salernis- og hreinlætisaðstöðu og um sorphreinsun. Þessi sveitarfélög sitja uppi með kostnaðinn af ferðamönnum án þess að nægjanlegar tekjur komi á mót til að standa undir þjónustunni sem krafist er.*

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja

Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Afrit: Bæjarráð, bæjarstjóri.